# Reglugerð HSÍ um unglingabikar HSÍ

## 1. gr. Almennt

Unglingabikar HSÍ skal veittur einu sinni á ári, því félagi sem stendur best að barna- og unglingamálum í handknattleik á ári hverju.

## 2. gr. Skipun

Nefnd skipuð 5 mönnum skal meta hvaða félag stendur best að unglingamálum á hverju ári. Nefndina skipa fulltrúi fræðslunefndar, fulltrúi mótanefndar, mótastjóri HSÍ, og fulltrúi landsliðsnefnda HSÍ. Fulltrúi fræðslunefndar er formaður nefndarinnar og kallar hana saman.

## 3. gr. Framkvæmd

Við mat sitt skal nefndin m.a. hafa eftirfarandi atriði til hliðsjónar:

a. Árangur í keppnum
b. Félagsleg starfsemi
c. Fjöldi keppnisflokka
d. Framfarir í uppbyggingu
e. Framkomu leikmanna og þjálfara
f. Keppnis- og æfingaferðir
g. Keppnisbúninga
h. Menntun þjálfara
i. Umsjónir með mótahaldi

## 4. gr. Greinargerð

Skrifstofa HSÍ gefur félögum tækifæri á að senda nefndinni greindargerð um starf þeirra árlega.

## 5. gr. Niðurstaða

Niðurstaða nefndarinnar skal liggja fyrir á lokahófi HSÍ ár hvert og skal hún tilkynnt þar.

## 7. gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. grein laga HSÍ og öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar fellur úr gildi eldri reglugerð HSÍ varðandi auglýsingar á búningum

*Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.*